

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Jóga
- Hjónaballið

Næsti Pési kemur út 14.mars 2013

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í

síðasta lagi

10.mars

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Veiðikofi	6
Hjónaball	8
Kirkjustarfið	10
Matseðill	14
Krónan	16
Smári	18

Febr 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/>

[Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts](http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 268. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Lánstími safnefnis er **30 dagar**, nema annars sé getið. Inná www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánum og fleira. Og nú er **alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar. Lestur er bestur ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Sveitarstjórapistill

Febrúar er runninn upp og áfram tosast árið. Hið nýja ár hefur farið með okkur mjúkum höndum og maður finnur að svartasta skammdegið er farið að hörfa verulega. Það hefur verið gaman að fylgjast með viðburðum í Hreppnum það sem af er ári en hæst ber þó glæsilegt þorrablót sem Kvenfélag Hrunamanna hélt um daginn. Mætingin var frábær og maður varð stoltur yfir þeirri samkennd og stuðningi við tilgang blótsins, sem var að styðja fjölskyldur þar sem erfið veikindi hafa bankað hraustlega á dyrnar.

Það er fleira sem vel er gert í sveitinni og vil ég hrósa félagsmiðstöðinni Zero og krökkunum þar fyrir glæsilegan árangur í Stíl 2012, þar sem þau urðu í öðru sæti, og einnig að komast áfram í söngvakeppni USSS 2013 og þar með í lokakeppni Samfés. Það eru fleiri sem fá verðlaun fyrir sína starfssemi og ánægjulegt er að kúabúin í Miðfelli I og Bryðjuholti fengu verðlaun frá Búnaðarsambandi Suðurlands og Auðhumlu fyrir frábæran rekstur og bústjórn og óska ég þeim til hamingju með það.

Það hefur verið nóg að gera í stjórnsýslunni.

Nú hefur hreppsnefnd samþykkt nýjar samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi og þar með er eitt skrefið stigið í blátunnvæðingunni. Þar þarf líka að fara að huga að kaupum á ílátum í það verkefni en öll heimili munu þurfa að fá slíkt ílát. Þá þarf að skoða hvernig fyrirkomulag verður á hirðu Blátunnunnar. Þá hafa verið samþykktar nýjar innkaupareglur fyrir sveitarfélagið þar sem eldri reglur voru endurskoðaðar. Einnig hafa í samvinnu við stjórn eldri Hrunamanna verið samdar reglur fyrir úthlutun leiguhúsnæðis til eldri borgara í Hrunamannahreppi. Þá hefur reglum um kjör á íþróttamanni Hrunamannahrepps verið lítilllega breytt þannig að nú verða einnig veittar viðurkenningar íþróttafólki sem kemst í landslið og einnig viljum við að farandgripurinn glæsilegi verði varðveittur á opinberum stað þannig að hægt sé að dádast að þessum einstaklingum.

Fleiri góð mál hafa verið í gangi. Hrunamannahreppur fékk úthlutað styrk frá framkvæmdasjóði ferðamála til að byrja skoðun á uppbyggingu ferðaþjónustu austan við Gullfoss. Það verkefni þarf síðan að móta í samkomlagi við landeigendur. Þá bárust þau góðu tíðindi að Ljósnet Símans kemur á Flúðir og mun það auka til muna hraða á netinu fyrir þá sem geta nýtt sér þau gæði sem bætir án vafa samkeppnishæfni Flúða til atvinnuuppbyggingar og búsetu. Því miður vildi maður sjá að fleiri gætu notið í sveitinni en það verður endalaust baráttumál okkar að bæta það ástand. Þá hefur verið tekin í notkun ný heimsaíða fyrir fludir.is og hvet ég alla til að kynna sér hana. Það er verið að færa inn upplýsingar á síðuna, bæði gamlar og nýjar, og hvet ég sérstaklega fyrirtæki og ferðaþjónustuaðila að senda okkur upplýsingar um sig. Þó verkið sé ekki búið vil ég þakka sérstaklega því góða fólki sem hefur unnið við að breyta og bæta heimasíðuna, þeim Ellu Jónu, Bjössa, Áslaugu og Mörtu fyrir afar gott verk.

Fleira höfum við verið að bralla og þeir sem aka niður að dæluhúsinu á Flúðum hafa orðið varir við að búið er að byggja yfir tvær borholur og laga umhverfið í kringum þær. Verkinu þar er þó hvergi lokið því við eigum m.a. eftir að setja líbarítmöl frá Sólheimum á svæðið og klára umbúnað í kringum gufuhverinn auk þess vonandi að koma upp skiltum og merkingum um sögu svæðisins og möguleika þess. Við viljum gjarnan vekja athygli á þeirri staðreynd að hægt sé að baka brauð o.fl. í hvernem og það var mjög gott framtak hjá kvenfélaginu að hafa námskeið í brauðbakstri í hvernem. Hver veit nema boðið verði upp á hverabrauð úr hvernem sem hver sem er getur nálgast. Þá eru „kallarnir“ í áhaldahúsinu búnir að koma upp skiltum við „aðalinngangana“ í hreppinn sem vekja athygli á að þeirri staðreynd, að þeir séu staddir í Hrunamannahreppi, eða að yfirgefa dýrðina. Við erum greinilega merkingaðir því þá er einnig búið að merkja dæluhús hitaveitu Flúða og til stendur að merkja dælustöðvar fyrir kalda vatnið. Merkillegt mál !!!!

Þá var ýtt að okkur þeirri hugmynd að tilnefna „bæjarfjall“ Hrunamannahrepps og eftir vandlega skoðun ferða- og menningarnefndar auk hreppsnefndar var ákveðið að Miðfell væri tilnefnt sem bæjarfjall Hrunamannahrepps. Eflaust geta menn haft mismunandi skoðanir á þessu, sjálfur alinn upp í fjöllum, en þetta er þó fjallið sem er í merki sveitarfélagsins og eflaust fjölsóttasta fjall sveitarfélagsins.

Af samstarfsvettvangi sveitarfélaganna þá er ljóst að ýmsir eru skotnir í okkar fyrirkomulagi og nú er Ásahreppur orðinn hluti af skipulags- og byggingarfulltrúaembætti okkar Uppsveita og Flóa. Þjóðum við þá velkomna til samstarfsins. Þá var í leiðinni fundið nýtt nafn á þetta ágæta embætti og kallast það nú „Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.“

Þá var fróðlegt að fara á ríkisstjórnarfund um daginn á Selfoss en þar var framkvæmdastjórum og oddvitum sveitarfélaganna innan SASS boðið til fundar. Það er mjög gott framtak að ríkisstjórnin fundi í öllum kjördæmum og vonandi er þetta fyrirkomulag komið til að vera

Að lokum var gaman að upplifa dag leikskólans þann 6. febrúar s.l. og það er leikskólanum og versluninni Samkaup-Strax til sóma að halda „yfirlitssýningu“ frá leikskólabörnunum í versluninni. Það hjálpar einnig kaffiköllum og konunum í búðinni við að fylgjast með ættfræði Hreppamanna.

Höfum það gott saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Tækjasalur í íþróttahúsi.

Opnunartími frá áramótum:

Mánudaga – fimmtudaga frá 16:00 – 21.30.

Föstudaga frá 13.00 – 18.00.

Ef mót eru í gangi, þá er opið á laugardögum frá 11.00 – 15.00.

Nánar auglýst á heimasíðu hreppsins.

Írskar gæða kerrur



2ja hásinga kerra m/ bremsum

Mjög sterkbyggðar 2ja hásinga kerrur með timbur botni. Hægt að fá grindur til að hækka skjólborðin og eins uppkeyrslu ramp.

Lengd: 2580 mm

Breidd: 1450 mm

Burðargeta: 1.500 kg

**Verð án/vsk
kr. 475.262**



Eins hásinga kerra

Mjög sterkbyggðar kerrur á einni hásingu með timbur botni. Hægt að fá grindur til að hækka skjólborðin og eins uppkeyrslu ramp.

Lengd: 2430 mm

Breidd: 1340 mm

Burðargeta: 500 kg

**Verð án/vsk
kr. 237.472**

Rúllugjafahringir fyrir nautgripi og sauðfé



Gjafahringir fyrir stórgripi

Þvermál: 2290 mm

Hæð: 1210 mm

Verð án/vsk.

kr. 39.826

Gjafahringir fyrir sauðfé

Þvermál: 1595 mm

Hæð: 1000 mm

Verð án/vsk.

kr. 34.136



Bitagúmmi á steinbita og timbur



Básamottur

Lengd: 1830 mm

Breidd: 1140 mm



Gunnbjarnarhóli
801 Selföss
480 5600
landstolpi.is



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



- Ársreikningagerð
- Framtalsgerð
- Skattaráðgjöf
- Fyrirtækjaráðgjöf

Sigurjón Snær Jónsson

Viðskiptafræðingur/M.Acc.

Beinn sími: 595-2509

Farsími: 866-9035

Netfang: sigurjon.jonsson@is.ey.com

ERNST & YOUNG

Tek að mér rakstur undan faxi og kvið á hrossum ,og einnig alrakstur á folöldum.
Steini í Haukholtum, sími: 893 4474



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantíð tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir

Veiðiminjasafnið – Litli veiðikofi FLUGUNNAR á Hrunakrók við Stóru-Laxá

Veiðifélag Stóru Laxárdeildar og Lax-á ehf eru að gera upp litla veiðihúsið upp í Hrunakrók við Stóru-Laxá, oft kennt við Guðmund í Miðdal.

Þetta litla veiðihús á sér stórmerkilega sögu, okkur langar til að safna saman munum og ljósmyndum frá síðustu öld og setja upp lítið en vandað veiðiminjasafn, safn sem verður öllum opið að sumarlagi. Veiðihúsið er gert upp í sinni upprunalegu mynd.

Veiðifélagið Flugan, var atkvæðamikið við Stóru Laxá um árabíl og stóðu fyrir því að koma upp veiðihúsinu upp við Hrunakrók.

Stofnendur Veiðifélagsins Flugunnar voru:

Sæmundur Stefánsson

Ósvaldur Knudsen

Páll Hallgrímsson

Kristinn Hallgrímsson

Guðmundur Jóhannsson

Skúli Thorarensen

Runólfur Kjartansson

Magnús Kjaran

Sigurliði Kristjánsson

Guðmundur R. Oddsson

Egill Thorarensen

Guðmundur Einarsson frá Miðdal.

Hákon Guðmundsson

Einar Gíslason

Til að geta komið safninu upp þá vantar okkur að komast í samband við afkomendur og ættingja þessara ágætu stofnenda Veiðifélagsins Flugunnar, við erum að leita að gömlum ljósmyndum sem við mættum afrita og einnig hlutum/veiðiminjum til láns eða kaups sem tengjast þessu merka tímabili.

Öll hjálp er vel þegin, vinsamlegast hafið samband við Árna Baldursson arnibald@lax-a.is eða í síma 8983601. Eða Esther Guðjónsdóttur í síma 4866590 eða 8658761 estherg@centrum.is

Aðalfundur UMFH verður haldinn 17.mars kl:20:00 í Félagsheimili Hrunamanna
Venjuleg aðalfundarstörf.
Gjaldkeri og formaður gefa ekki kost á sér áfram í stjórn.
Stjórnin

Listaverkabingó á Flúðum

verður föstudaginn 15. febrúar kl. 20.30 í Félagsheimili Hrunamanna

Í vinninga eru listaverk eftir þekktu sunnlenska listamenn

Skemmtiatriði: Ungir tónlistarmenn í fremstu röð leika á hljóðfæri
Missið ekki af spennandi leik, dýrmætum vinningum og góðri tónlist

Húsið opnað kl. 20.00

Karлакór Hreppamanna

„Opið hús” eldri Hrunamanna

Næsta „opið hús” verður í Félagsheimilinu **miðvikudaginn 20. febrúar kl. 13:30.** (Ath. *Fyrirhuguð breyting á vikudegi og tíma fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum*).

Sýnd verður kvikmynd frá fjallferð og réttum Biskupstungnamanna síðast liðið haust. Fjallmenn hreptu mikið illviðri sem leiddi til þess að fresta varð réttum um einn dag.

Skemmtileg mynd gerð af Ólöfu Hermannsdóttur og Guðnýju Kolbeins. Mikill söngur og gleði sem gjarnan einkennir Tungnamenn. Sýningartími um 40 mínútur. Þá verða sýndar myndir frá ferð eldri borgara til Dalvíkur og nágrennis s.l. vor. Einnig myndir úr starfi okkar í kjallaranum á Heimalandi. Stúlkur úr Flúðaskóla flytja tónlistaratriði, upplestur og séra Halldór spjallar við okkur.

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna verður haldinn miðvikudaginn 20. mars í tengslum við „opið” hús.

Árshátíð Félags eldri Hrunamanna verður haldin fimmtudaginn 4. apríl. Takið daginn frá. Nánar auglýst síðar.

Bestur kveðjur,
stjórnin

Miðvikudaginn 20.mars.nk. verður þjónustuslátrun á sauðfé (páska slátrun) hjá S.S. á Selfossi. Greitt verður sama verð fyrir kjötið og gilti fyrir síðustu slátrun í nóv. sl. Mikilvægt er fyrir þá, sem ætla að nýta sér þetta, að panta sem fyrst hjá S.S. á Selfossi s. 4804100 eða hjá deildarstjóra s. 4866687.

Þá er minnt á áður nefndan deildafund S.S. í síðasta Pésa. Ath. breyting er á fundarstað þ.e. hann verður í barnaskólanum í Árnesi 27 febr.nk. en ekki í Félagsheimilinu Árnesi. Vona að sem flestir sjái sér fært að mæta.

Kv. Jóhanna Hrafnkelsstöðum

HJÓNASKEMMTUN 2013

**Miðaverð
7.300 kr.**

**Laugardaginn
2. mars**

Í Félagsheimili Hrunamanna



Í tilefni þess að hjónaballið verður nú haldið í 70. sinn verður 70% afsláttur af miðaverði fyrir þá einstaklinga sem verða sjötugir á árinu

**Fólk
sameinist
um 8, 10-12
manna borð
sé þess
kostur**

Húsið opnar kl. 19:00 og hefst borðhald
stundvíslega kl. 20:00

Berglind Ósk Loftsdóttir sér um hlaðborð
hlaðið kræsingum

Hljómsveitin Stuðlabandið leikur fyrir
dansí fram á nótt

Pantanir berist í síðasta lagi fyrir kl. 18:00
laugardaginn 23. febrúar

Miðar verða afhentir þriðjudaginn 26. febrúar í
félagsheimilinu frá kl. 16:00—18:00
og kl. 20:00—22:00

Aldurstakmark 18 ára

Pantanir hjá:

Írisi og Steinari Auðsholti 867 9892 / 899 6587

Öddu Sögu og Einari Miðfelli 867 6580 / 899 5639

Báru Ásastig 868 6742

Elsu og Sigurði Inga S-Langholti 861 8660 / 893 0111

Hörpu og Ninna Auðsholti 864 4482 / 861 3475

Heimi Laxárhlið 894 3030

Ingu Jónu Galtafelli 861 4544

Jónu og Didda Áshlið 893 0292 / 891 6595

Katrínu Grafarbakka 849 8489

Kolbrúnu og Helga Vesturbrún 699 5178 / 825 8106

Póru og Þórarni Reykjadal 861 8383 / 893 5456



Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í mars sem hér segir:

Föstudaga kl. 17.00 til 20.30.

Laugardaga kl. 11.00 til 14.00 og 17.00 til 20.30.

**Opið á sunnudeginum eftir hjónaball
☺, frá 12.00 til 20.30.**

**Nýjung! Í mars og apríl geta viðskiptavinir okkar í
Hrunamannahreppi (sumarbústaðir þar á meðal)
fengið pizzurnar sendar heim gegn 500 kr./
heimsendingargjaldi.**

Geymið auglýsinguna!

Verið hjartanlega velkomin!

Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli – sími 486-6454

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*





Leikskólabörnin opnuðu á dögnum myndlistarsýningu í Versluninni Strax. Ljósni: SigSigm

Kirkjustarfið í Hruna- og Hreppsóknum

Nú er langt liðið á þorra og fastan gengin í garð, sól hækkar á lofti og dagur lengist. Kirkjustarfið í sóknunum næsta mánuðinn verður sem hér segir:

Guðsþjónustur:

24. febrúar kl. 11:00 Guðsþjónusta í Hruna

10. mars kl. 14:00

Fjölskylduguðsþjónusta í Hruna með þátttöku barnakórs Flúðaskóla.

Sunnudagaskóli

Á föstunni verður boðið upp á sunnudagaskóla eða barnastund í Hrepphólum á sunnudögum kl. 14:00. **Sunnudagaskólinn hefst 17. febrúar n.k.** Foreldrar eru hvattir til að koma með börnin sín í þessar góðu og uppbyggilegu stundir.

Hvað byggir upp eftir áföll og missi?

Mánudaginn 18. febrúar verð ég með samveru í safnaðarheimilinu Hruna þar sem ég fjalla um bjargráð eftir áföll og missi, en ég hef flutt fyrirlestra og verið með fræðslu um þessi mál um allt land. Þar fer ég yfir þau ráð sem reynst hafa fólki vel í að vinna úr hvers konar áföllum og missi en reynslan kennir okkur að flest göngum við í gegnum svipað ferli þegar við upplifum áföll og missi, hvort heldur vegna dauðsfalla eða annarra áfalla í lífinu.

Í kjölfarið ætla ég að bjóða upp á **stuðningshóp** fyrir þau sem hafa orðið fyrir erfiðum áföllum og sorg í lífinu.

Passíusálmalestur á föstudaginn langa

Það hefur skapast hefð um það í prestakallinu að lesa Passíusálmana á föstudaginn langa í Hrepphólakirkju. Svo verður einnig að þessu sinni og verður lesturinn í umsjá okkar sr. Axels Arnasonar. Að venju koma ýmsir að lestrinum, m.a. fermingarbörn og fjölskyldur þeirra en hér með er líka **auglýst eftir fólki sem er reiðubúið að koma og lesa** brot af þessum klassíska íslenska arfi.

Loks skal áréttað að sími prestakallsins er 856-1572 en að auki hef ég síma 856-1571.

Með kveðju, Halldór Reynisson

LAUGARVATN fontana

Heilsulind frá landnámi

Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar í vetur á sérstökum kjörum. Síminn okkar er sem áður 486 1400.

Opíð virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00 en um helgar 11:00 til 21:00.

Kæru vinir

Það er komin hefð fyrir því að láta eitthvert málefni njóta afraksturs þorablóts kvenfélagsins okkar. Eins og flestir vita þá ákváðum við í þorablótsnefndinni að láta tvær fjölskyldur sem glíma við erfið veikindi njóta afraksturs kvöldsins. Það verður að segjast að kvöldið gekk mjög vel, mæting var góð og þeir sem voru mættir á blótið tóku þátt í uppboði sem við höldum og var það ansi líflegt í höndum Hönnu Siggú. Jón Bjarnason sá um að halda uppi góðri stemmningu og var gerður góður rómur af. Minni karla var flutt af Þórarni Valgeirssyni og minni kvenna af Kristínu Bragadóttur og var það alveg stórkostlega gert hjá þeim. Við í nefndinni færðum hvorri fjölskyldu um sig 680.000 kr. sem er ofar okkar væntingum og viljum við færa öllum þeim sem gáfu okkur annað hvort vinnu eða annað eins og hluti á uppboðið kærar þakkir. Okkur langar til að þakka:

Björgunarfélaginu Eyvindi, Þórarni Inga, Gröfütækni, Hrepphólum, Torfa Harðarsyni, Helenu þrjónakonu, Hönnu Láru þrjónakonu, Kerfi, Landi og sonum, Hár-hruni, Hamborgarabúllu Tómasar, Kaffi-Seli, Vífilfelli, Bubbu þrjónakonu, Hársnyrtistofunni Verónu, Ora, Hótel Eddu, Árvirkjanum, Hrunamannahrepp, Snýrtistofu Ólafar, Ó-Johnson og Kaaber, Rut glerlistakonu, Snýrtistofunni Evu, Kaffi Grund, Herrafátaversluninni Barón, Fordfélaginu, Versluninni Lindinni, Helga í Góu, Karli úrsmið, Hoflandssetrinu, Hilton Reykjavík Nordica, Veitingastaðnum Vox, Nóa og Sírius og að sjálfsögðu öllum þeim sem mættu eða lögðu hönd á plóginn með því að styrkja söfnunina með frjálssu framlagi.

Fyrir hönd þorablótsnefndar

Ásdís, Jóna, Ólöf, Guðný og Margrét

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við
almenn afgreiðslustörf.

Helst ekki yngri en 18 ára.

Æskilegt að umsækjandi sé reyklaus og reglusamur.

Upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum og í síma 7745437 eða
fludir@samkaupstrax.is<<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga:	17:00-21:00
Laugardaga	12:00-18:00
Sunnudaga:	12:00-18:00



Þorablótsnefndin 2013



Þau Kristín og Þórarinn fluttu minni karla og kvenna.



VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímáparentanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Nýr girnilegur „bistro,, matseðill á Hótel Flúðum

Opið alla daga frá kl. 18.30-21.00 í vetur.

Forréttir

Fylltir Flúðasveppahattar með
Gratineruðu hvítlaukssmjöri og tómatabasil chutney

Kr. 1.650

Flúðasveppasúpa með ristudum sveppum
og nýbökuð brauði

Kr. 1.650.-

Sætkartöflusúpa með fersku Flúða salati
á stökkri tortillaköku og reyktum lax

Kr. 1.690

Heilsutómataasalat með mozzarella,klettasalati og ítalskri skinku

Kr. 1.650

Saltfisk,, klattar ,, með rófu og gulrótarsalati skyr-gúrku sósu
og spæsí laukhringjum

Kr. 1.850

Aðalréttir

Lambagrillsteik með 3 tegundum af köldum sósum
kántrý style kartöflum og ristudu grænmeti

Kr. 4.500

Pönnufiskur Hótel Flúða borið fram með grænmeti og kartöflu smælki úr héraði

Kr. 3.500

Djúpsteiktur fiskur og franskar
með fersku Flúðasalati og skyr-sitrónusósu

Kr. 3.300

Hótel Flúðaborgari 120 gr. sveppir í Dijon, ost, laukhringjum
ásamt frönskum kartöflum,fersku salati og koktelsósu

Kr. 2.400

BBQ svínaríf með kántrý style kartöflum og fersku salati

Kr. 2.990

Nauta mínusteik með 3 tegundum af köldum sósum
kántrý style kartöflum og ristudu grænmeti

kr. 4.500



Desert

Epla og rabarbara pie með vanilluís, skyrflani og rabbabarasósu
Kr. 1.490

Heimalagað „Silfurtúns,, jarðaberjaskyr
með jarðaberjasalati, hafrakexi, osti og jarðaberjasultu
Kr. 1.250

Súkkulaði creme brulee með skyrbjerja-sorbet
Kr. 1.490

Snickers brownie með ís og karmellu
Kr. 1.450

Brauðbúðingur með heitri súkkulaðisósu og ís
Kr. 1.490

Síðan bjóða Hótel Flúðir líka uppá þriggja rétta matseðil á tilboði um helgar.

Helgarseðill mánaðarins:

Smálúðu souffle m/ humarsalati og sterk kryddaðri humarsósu
Lamb á tvo vegu m/ gratíneruðum kartöflum og ristuðu grænmeti
Súkkulaði creme brullee m/ skyrávaxta sorbet

Kr. 6.900

Uppsveitakortið 2013


Nú stendur yfir endurskoðun á Uppsveitakortinu sem gefið er út árlega og dreift í 30 þúsund eintökum.

Alltaf þarf að bæta við taka út og breyta einhverju á hverju ári á korti og í þjónustulista.

Mikilvægt er að fá ábendingar um breytingar.

Vinsamlegast hafið samband við ferðamálafulltrúa netfang asborg@ismennt.is sími 8981957 eða skrifstofur sveitarfélaganna ef þið viljið koma athugasemdum á framfæri.

Kortið má nálgast á þjónustustöðum og á Uppsveitasíðunum www.sveitir.is



KRÓNAN ferskleiki beint heim á bæ!

Alltaf ferskt Beint heim til þín

Nú býðst þú, í Krónunni á Selfossi, að panta þær skammtastærðir sem henta best þínum heimilífsstíli. Þjónustan

„Beint heim til þín“ er nýjung í Krónunni á Selfossi sem ætli að koma sér til góða fyrir bændabyllti í þinni sveit.

Krónan á Selfossi er stærsta matvöruverslun á Suðurlandi og þótt víðar væri leitað. Það felst mikil hagræðing í stærðinni og úrvalið er afar gott.



Sérpantanir úr kjötborði

Þú getur sérpantað úr kjötborði Krónunnar á Selfossi þær skammtastærðir sem hentar þér best og við þökkum svo ferski kjötvörinni eins og best verður á koslið.

Nýttu þér þessa nýju þjónustu Krónunnar í þinni sveit – þægindi og hagkvæm inkaup.

Pantaðu núna!

Það er einfalt að panta vörur til heimsendingar. Þú getur valið um tvær leiðir:

1) Pantað í síma:

Pantaðu hjá verslun í síma **585 7195** alla virka daga kl. 9-12.

2) Pantað með því að senda tölvupóst:

Sendu pöntun á netfangið bond@kronan.is

Vörudreifing alla fimmtudaga og föstudaga:

Pantanir þurfa að hafa borist í seinasta lagi fyrir kl. 14.00 á miðvökudagi.

Nataður er sérubúinn bíll sem viðheldur gæðum vörunnar alla leið. Viðskiptavinir verða látnir vita um hvaða leyfi sendingin mun berast þannig að tryggja sé að einhver er heima.

KRÓNAN
kemur til þín

Dreifingar-
svæði

Dreifingarsvæði Krónunnar eru tvö. Við dreifum á Laugarvatni og Fláðum á fimmtudögum og Stokkseyri og Eyrabakka á föstudögum.

Einfalt að panta!

í því magni sem hentar

þér best

Pantaðu í síma

585 7195

Bjóðum fría heimsendingu
ef pantað er fyrir
meira en 10.000 kr.

Heim sendingargjald er kr. 2.500
Pantanir skulu greiddar með kreditkort



Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna 2013

Verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna sunnudaginn
24. febrúar kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
 2. Skýrsla stjórnar og reikningar.
 3. Árgjald
 4. Kosningar, allir gefa kost á sér áfram en kjósa þarf einn varamann.
 5. Kaffi og myndasýning frá starfinu, Sigurður H. Magnússon.
 6. Erindi: Eiríkur Jónsson Gýgjarhólskoti segir frá landgræðslu á sinni jörð og frá Landgræðslufélagi Biskupstungna.
- Önnur mál.

Nýir félagar eru velkomnir í hópinn og geta gengið í félagið á fundinum.

Stjórnin.



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

SMÁRI



ALLIR KRAKKAR
ERU VELKOMNIR Í
SMÁRA. FRÍTT
FÉLAGSGJALD
FYRIR BÖRN



KRAKKAR Í SMÁRA GETA
MÁTAÐ OG KEYPT PEYSUR
EINS OG SÉST Á MYNDinni

15
FEBRÚAR

HITTINGUR Í
REIÐHÖLLINNI
Á FLÚÐUM

HITTINGUR

VEGNA UPPSVEITAEILDAR
ÆSKUNNAR

ALLIR SEM HAFA ÁHUGA Á
AÐ TAKA ÞÁTT Í
UPPSVEITAEILD
ÆSKUNNAR ERU VELKOMNIR

KOMIÐ Í REIÐHÖLLINNA Á
FLÚÐUM FÖSTUDAGINN 15.
FEBRÚAR KL. 18:00 - 20:00

SPJALL - SKIPULAG -
KYNNING

PIZZA OG GOS

SKRÁ SIG Á
SMARAKRAKKAR@GMAIL.COM
NAFN OG KENNITALA



DAGSKRÁ ÆSKULÝÐSNEFNDAR SMÁRA 2013



febrúar



mars



apríl



DAGSKRÁ 2013 Uppsveitadeild Æskunnar

Æfingar

Reiðnámskeið

Fræðsludagur

Æskan og hesturinn

Hestheimaferð

Fjölskyldureiðtúr

Æskulýðsdagur

Ride and Tie

Haustferð

Nánari upplýsingar um
dagskrá má finna á smari.is

Allir krakkar eru
velkomnir í Smára. Frítt
félagsgjald fyrir börn



Smárafréttir

FEBRÚAR 2013



FRÁ AÐALFUNDI

Aðalfundur Smára fór fram í félagsheimilinu í Árnesi sunnudaginn 27 janúar 2013.

Venjuleg aðalfundarstörf einkenndu fundinn, reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða sem og skýrsla stjórnar.

Kjósa þurfti um 3 menn í aðalstjórn. Lilja Össurardóttir og Aðalsteinn Aðalsteinsson buðu sig fram til áframhaldandi setu og var það samþykkt með lófataki. Í stað Coru Claas var kjörin í stjórn Hulda Hrönn Stefánsdóttir í Hrepphólum og bjóðum við hana velkomna til starfa um leið og við þökkum Coru fyrir vel unnin störf.

Stjórn Smára

Ingvar Hjálmarsson formaður

Bára Másdóttir gjaldkeri

Lilja Össurardóttir ritari

Varastjórn

Kolbrún Haraldsdóttir

Bjarni Birgisson

Hjálmar Gunnarsson

Frekari fréttir af
aðalfundi má finna inn á
www.smar.is

Aðalsteinn Aðalsteinsson meðstjórnandi

Hulda Hrönn Stefánsdóttir varaformaður

Ræktunarbikarinn hlutu Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfssdóttir fyrir Mjölni frá Hlemmskeiði 3. Hæsti dómur Mjölnis 2012 var : Sköpulag 8,51 Kostir 8,49 Aðaleinkunn 8,50

Blæs bikarinn er afhentur þeim félagsmanni er þykir hafa staðið uppúr hvað varðar árangur jafnt og faglegrar framkomu á síðasta ári.

Blæs bikarinn hlaut að þessu sinni **Ólafur Ásgeirsson**.



1

NEFNDARSKIPAN 2013

Ennþá vantar fólk í einhverjar nefndir því eru þeir sem eru áhugasamir um að efla félagsstarfið hvattir til að hafa samband við stjórnina, einhvern í viðkomandi nefnd eða með því að senda línu á smari@smari.is

ÆSKULÝÐSNEFND

Vigdís Furuseð, Syðra-Langholti

Meike Witt, Glóruhlíð

Ragnar S. Geirsson, Efra-Langholti

Bjarni H. Ásbjörnsson, Kílhrauni

Guðbjörg Jóhannsdóttir, Ásatúni

MÓTANEFND

Lilja Össurardóttir, Kílhrauni

Hólmfríður Kristjánsdóttir, Kílhrauni

Bragi Viðar Gunnarsson, Túnsbergi

Katrin Ólafsdóttir, Hrepphólum

FJÁRÖFLUNARNEFND

Ragnheiður Ó. Guðmundsdóttir, Langholtskoti

Sigurður Sigurjónsson, Kotlaugum

Svala Bjarnadóttir, Fjalli

ÚTREIÐANEFND

Elin Moqvist, Brautarholti

Bjarni Hjörleifsson, Fossi

VALLARSTJÓRAR

Hjálmar Gunnarsson, Flúðum

Unnstinn Hermannson, Langholtskoti

FULLTRÚI Í FRAMKVÆMDANEFND

UPPSVEITAEILDAR

Hermann Þór Karlsson, Efri-Brúnavöllum

FULLTRÚAR Í STJÓRN REIÐHALLARINNAR

Á FLÚÐUM

Helgi Kjartansson, Flúðum – Framkv.stjóri

Sigurður H. Jónsson, Skollagróf – Gjaldkeri



Smárafélögum gefst nú kostur á að pantar peysur merktar Smára og nafni eiganda. Peysurnar munu kosta 7.800 fyrir fullorðna en greiða á niður peysur til barna með styrkjum og auglýsingum. Hægt verður að máta peysur í reiðhöllinni föstudagskvöldið 15 febrúar milli 18 og 20 og á fyrsta vetrarmóti 16. febrúar.

PEYSUR

REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR FULLORÐNA SMÁRAFÉLAGA

Ísleifur Jónasson reiðkennari frá Kálfholti heldur einstaklinsmiðað námskeið í Reiðhöllinni á Flúðum. Námskeiðið verður í fjögur skipti, dagana 26 febrúar, 5. og 19. mars og 9 apríl. Þremur nemendum verður kennt samtímis fyrstu tvo tímána en síðan verða tveir nemendur saman.

Verð námskeiðsins er 15.000,- krónur.

Áhugasamir skrái sig á smari@smari.is

HELSTU VIÐBURÐIR 2013

Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á www.smar.is Fylgist því vel með, dagsetningar geta breyst og nýjir atburðir komið inn...

16. febrúar	1. Vetrarmót
22. febrúar	Uppsveitadeild—Fjörgangur
26. febrúar	Reiðnámskeið fyrir fullorðna (4 skipti í feb-apríl)
9. mars	Uppsveitadeild æskunnar
15. mars	Uppsveitadeild—Fimmgangur
16. mars	2. Vetrarmót
27. mars	Sameiginlegt Tölmót Smára, Loga og Trausta
6. apríl	Uppsveitadeild æskunnar
19. apríl	Uppsveitadeild—Tölt og skeið
20. apríl	3. Vetrarmót
27. apríl	Uppsveitadeild æskunnar
1. maí	Firmakeppni
Maí	Reiðnámskeið – helgarnámskeið
Maí	Fræðslufundur
8. júní	Íþróttamót Smára, Loga og Trausta – Hrísholt
20. júlí	Gæðingamót
Sumar	Sameiginlegur útreiðatúr félagsmanna
Október	Sýnikennsla
Október	Árshátíð Smára, Loga og Trausta



VETRARMÓT

Fyrsta vetrarmót er laugardaginn **16 febrúar kl 14.00** á Flúðum. Keppt verður í eftirfarandi flokkum :

Pollaflökkur (9 ára og yngri) Barnaflökkur (10-13 ára) Unglingaflökkur (14-17 ára)

Ungmennaflokkur (18-21 árs) Unghrossaflokkur(hross fædd 2008 og 2009)

2 flokkur Fullorðnir og 1 flokkur Fullorðnir

Skráning á staðnum frá 13.00 - 13.45 Skráningargjald 500.– skráningin, fritt fyrir

polla og börn, greiðist á staðnum **ATH. EKKI POSI.** *Ákveðið hefur verið, eftir umræðu haustfundar, að breyta stigatalningu vetrarmótanna og aftengja parakeppni knapa og hests. Knapi safnar stigum og getur því mætt með ólíka hesta á mótin án þess að það hafi áhrif á heildarstig hans. Einnig hefur verið ákveðið að sé skráning mikil í fullorðinsflokk verði riðin tvö holl. 10 bestu hestamir úr báðum hollunum riða úrslit.*

Jóga á Flúðum

Kennt verður tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:30 - 18:45 í Norðurhófi 5. Liðkandi og styrkjandi æfingar auk öndunaræfinga. Einnig er hluti æfinganna sérstaklega til þess gerður að bæta jafnvægi og einbeitingu. Tímarnir enda síðan á góðri slökun.




Allir velkomnir. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8980677 eða á netfanginu adj13@hi.is.

Aðalheiður Jónsdóttir
jógakennari

Jóga fyrir 60 ára og eldri

Létt jógaleikfimi þar sem áhersla er lögð á liðkandi æfingar, teygjur og öndunaræfingar. Einnig gerum við æfingar til að efla jafnvægi og einbeitingu og endum tímann síðan á slökun.



Staður: Heimaland (kjallari)
Tími: Fimmtudagar kl. 10:00

Allir velkomnir. Það er ekki þörf á að hafa reynslu af jóga. Æfingarnar gerum við sitjandi á stól eða standandi, allt eftir hentugleikum og getu hvers og eins. Nánari upplýsingar í síma 8980677.

Aðalheiður Jónsdóttir
jógakennari

Hjónaballsgeirir athugið

Klipping, litun, strípur og greiðsla
Hárgreiðslumeistarinn Mjöll Daniélsdóttir
verður á Hótel Flúðum hjónaballsheglna.
Hún tekur á móti pöntunum í síma 698-7590
fyrir 1. mars 2013.





Þann 9.febrúar var opið hesthús í Túnshergi. Hér eru þau Maja,Bragi,Atli, Magga og Gunnar ásamt stóðhestinum Brag í nýja hesthúsinu. Ljós:SigSigm



Ásgæir frá Kaldbak að "flikka" upp á notaðar skeifur



Áslaug bókasafnsvörður með eina af gersemum bókasafnsins, listaverk eftir Hauk frá Reykjadal. Ljós:SigSigm